

Fjölmennt, símenntunar - og þekkingarmiðstöð

Ársreikningur

2020

Fjölmennt, símenntunar - og þekkingarmiðstöð ses.
Vínlandsleið 14
113 Reykjavík
kt. 671010-1670

Fjölmennt, símenntunar - og þekkingarmiðstöð

Ársreikningur

2020

Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda	2
Skýrsla stjórnar	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Yfirlit um sjóðstreymi	7
Skýringar	8-12

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Fjölmennar

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Fjölmennar, símenntunar- og þekkingarmiðstöðar ses fyrir árið 2020. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2020, efnahag þess 31. desember 2020 og breytingu á handbæru fé á árinu 2020, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan. Við erum óháð Fjölmenn í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur sem og aðrar siðareglur sem eru viðeigandi við endurskoðun á Íslandi, og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra reglna. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og forstöðumanns á ársreikningnum

Stjórn og forstöðumaður eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og forstöðumaður eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og forstöðumaður ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Fjölmennar. Ef við á, skulu stjórn og forstöðumaður setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og forstöðumaður hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanleg vissu er þó ekki trygging þess að endurskoðun sé framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.


Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Áritun óháðs endurskoðanda

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhá innri eftirlitsaðgerðum.
 - Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
 - Metum hvort reikningskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
 - Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
 - Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.
- Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Kópavogur, 10. maí 2021

Deloitte ehf.



Hilmar A. Alfredsson
endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Ársreikningur Fjölmenntar, símenntunar- og þekkingarmiðstöðvar ses. fyrir árið 2020 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Starfsemi Fjölmenntar, símenntunar- og þekkingarmiðstöðvar ses. miðar að því að auka menntun og lífsgæði fatlaðs fólks 20 ára og eldra. Fjölmennt býður upp á fjölbreytta menntun og ráðgjöf til einstaklinga sem ekki eiga kost á námi við almennar menntastofnanir.

Rekstrarhalli Fjölmenntar nam kr. 8.870.948. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir stofnunarinnar kr. 38.356.182, bókfært eigið fé í árslok er kr. 20.601.636 og er eiginfjárlutfall stofnunarinnar 52%.

Mjög óvenjulegar aðstæður sköpuðust á árinu 2020 vegna Kórónuveirunnar COVID-19. Fjárhagsleg áhrif voru óveruleg en voru mikil á nemendur Fjölmenntar. Margir urðu heilsu og öryggis síns vegna að halda sig heima og það hafði einnig áhrif að nokkrir vinnustaðir settu þá reglu að þeir sem sæktu vinnu mættu ekki sækja tómsundir og nám á meðan. Það var því talið sanngjarnt að endurgreiða námskeiðsgjöld fyrir þann tíma sem nemendur gátu ekki sótt námskeið.

Rekstrarhalli ársins 2020 nemur tæpum 9 milljónum króna. Það er í samræmi við það sem lagt var upp með í byrjun árs. Vegna sérstakra aðstæðna voru tæplega fjórar milljónir í rekstrarafgang árið 2019. Stefna stjórnar er sú að alltaf skuli nota það fé sem til ráðstöfunar er til námskeiðahalds. Þess er þó gætt að eiga skynsamlega fjárhæð til að mæta óvæntum útgjöldum sem gera má ráð fyrir að geti orðið.

Fjölmennt er þátttakandi í Erasmus+ verkefni ásamt fjórum Evrópulöndum. Árið 2020 var gert ráð fyrir útgjaldalið vegna funda erlendis. Vegna COVID-19 voru eingöngu haldnir fjarfundir. Ekki var farið fram á að þátttökulönd endurgreiddu ferðakostnað og eru því 700 þúsund krónur eftir af framlagi sem greitt var með verkefninu. Sú upphæð er færð yfir á árið 2021.

Í desember 2020 fékk Fjölmennt 6,5 milljón króna styrk frá Öryrkjabandalagi Íslands. Þar sem aðeins nokkrir dagar voru eftir af árinu féll kostnaður vegna styrksins ekki til á árinu og því var upphæðin færð yfir á árið 2021.

Það er álit stjórnar og forstöðumanns Fjölmenntar að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu stofnunarinnar í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu. Stjórn og forstöðumaður Fjölmenntar staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Reykjavík, 10. maí 2021

Baugy Una Hinrikssd.
Stjórn

Kristján Sigurmundsson
Stjórn

Geirur Hólmur
Stjórnarformaður

Forstöðumaður

Hilga Zísladóttir

Rekstrarreikningur ársins 2020

	Skýr.	2020	2019
Námskeiðsgjöld		11.798.362	17.261.398
Greiðslur úr ríkissjóði		267.400.000	267.700.000
Aðrar tekjur		6.757.465	10.845.546
		<u>285.955.827</u>	<u>295.806.944</u>
Laun og launatengd gjöld	3	181.340.758	174.355.464
Húsnæðiskostnaður	14	29.514.925	26.846.026
Kostnaður vegna kennslu	15	74.112.475	78.163.658
Annar rekstrarkostnaður	16	10.541.077	13.492.869
Afskriftir fastafjármuna	6	324.286	576.502
		<u>295.833.521</u>	<u>293.434.519</u>
Rekstrarafgangur fyrir fjármagnsliði		(9.877.694)	2.372.425
Fjármunatekjur	4	1.071.608	994.064
Fjármagnsgjöld	5	(64.862)	(217.079)
(Tap), hagnaður ársins		<u>(8.870.948)</u>	<u>3.149.410</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

Eignir	Skýr.	31.12.2020	31.12.2019
Fastafjármunir			
Skrifstofuáhöld og kennslubúnaður	6	2.000.120	2.106.212
Innréttingar, húsbúnaður og tæki	6	1.682.992	1.901.186
		<u>3.683.112</u>	<u>4.007.398</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur	7	550.182	737.606
Aðrar skammtímakröfur	7	0	773.300
Bankainnistæður		34.122.888	36.616.564
		<u>34.673.070</u>	<u>38.127.470</u>
Eignir		<u>38.356.182</u>	<u>42.134.868</u>
Eigið fé og skuldir			
Stofnfé	8	1.000.000	1.000.000
Óráðstafað eigið fé		19.061.636	27.932.584
Eigið fé		<u>20.061.636</u>	<u>28.932.584</u>
Skammtímaskuldir			
Lánadrottnar		3.799.865	4.148.428
Aðrar skammtímaskuldir	9	14.494.681	9.053.856
Skuldir		<u>18.294.546</u>	<u>13.202.284</u>
Eigið fé og skuldir		<u>38.356.182</u>	<u>42.134.868</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2020

	Skýr.	2020	2019
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarhagnaður		(9.877.694)	2.372.425
Afskriftir	6	324.286	576.502
Veltufé (til), frá rekstri án vaxta og skatta		<u>(9.553.408)</u>	<u>2.948.927</u>
Rekstartengdar eignir, lækkun		960.724	4.469.382
Rekstartengdar skuldir, hækkun		5.092.262	783.333
Handbært fé (til), frá rekstri án vaxta og skatta		<u>(3.500.422)</u>	<u>8.201.642</u>
Innborgaðir vextir	4	1.071.608	994.064
Greiddur fjármagnstekjuskattur	5	(64.862)	(217.079)
Handbært fé (til), frá rekstri		<u>(2.493.676)</u>	<u>8.978.627</u>
(Lækkun), hækkun handbærs fjár		(2.493.676)	8.978.627
Handbært fé í upphafi árs		36.616.564	27.637.937
Handbært fé í lok árs		<u>34.122.888</u>	<u>36.616.564</u>

Skýringar

1. Starfsemi

Starfsemi Fjölmenntar, símenntunar- og þekkingarmiðstöðvar ses. miðar að því að auka menntun og lífsgæði fatlaðs fólks 20 ára og eldra. Fjölmennt býður upp á fjölbreytta menntun og ráðgjöf til einstaklinga sem ekki eiga kost á námi við almennar menntastofnanir.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Fjölmenntar, símenntunar - og þekkingarmiðstöðvar ses. fyrir árið 2020 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Skráning tekna

Námskeiðstekjur eru skráðar og innheimtar þegar skráningu nemenda er lokið og námskeið eru hafin. Aðrar tekjur eru færðar þegar þjónustan hefur verið innt af hendi.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í nothæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði.

Skýringar

3. Laun og launatengd gjöld

	2020	2019
Laun	142.850.596	138.409.686
Bifreiðastyrkir	794.251	1.024.760
Lífeyrissjóður	20.449.259	18.889.279
Tryggingargjald	11.075.974	10.339.028
Stéttarfélagsgjöld	4.043.635	3.793.103
Annar starfsmannakostnaður	2.127.043	1.899.608
	<u>181.340.758</u>	<u>174.355.464</u>
Stöðugildi að meðaltali	18,1	18,0

4. Fjármunatekjur

	2020	2019
Vaxtatekjur	295.337	986.874
Gengishagnaður	776.271	7.190
	<u>1.071.608</u>	<u>994.064</u>

5. Fjármagnsgjöld

	2020	2019
Fjármagnstekjuskattur	(64.862)	(217.079)
	<u>(64.862)</u>	<u>(217.079)</u>

6. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

	Skrifstofu- áhöld	Innréttingar og húsbún.	Samtals
Kostnaðarverð			
Staða í ársbyrjun	19.788.795	14.066.875	33.855.670
Staða í árslok	19.788.795	14.066.875	33.855.670
Afskriftir			
Staða í ársbyrjun	17.682.583	12.165.689	29.848.272
Afskrift ársins	106.092	218.194	324.286
Staða í árslok	17.788.675	12.383.883	30.172.558
Bókfært verð			
Bókfært verð í ársbyrjun	2.106.212	1.901.186	4.007.398
Bókfært verð í árslok	2.000.120	1.682.992	3.683.112
Afskriftarhlutföll	20-33%	20%	

Vátryggingamat eigna félagsins í árslok greinist þannig:

	Vátrygginga- mat
Skrifstofuáhöld	20.521.519
Innréttingar og húsbúnaður	23.171.516

Skýringar

7. Aðrar peningalegar eignir

Viðskiptakröfur	31.12.2020	31.12.2019
Viðskiptakröfur	550.182	737.606
	<u>550.182</u>	<u>737.606</u>
Aðrar skammtímakröfur	31.12.2020	31.12.2019
Aðrar skammtímakröfur	0	773.300
	<u>0</u>	<u>773.300</u>

8. Eigið fé

	Stofnfé	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé Samtals
Eigið fé 1.1.2020	1.000.000	27.932.584	28.932.584
Afkoma ársins		(8.870.948)	(8.870.948)
Eigið fé 31.12.2020	<u>1.000.000</u>	<u>19.061.636</u>	<u>20.061.636</u>

9. Aðrar skammtímaskuldir

	31.12.2020	31.12.2019
Fyrirframinnheimtar tekjur	7.200.000	2.204.569
Ógreidd launatengd gjöld	7.220.681	6.740.784
Aðrar skammtímaskuldir	74.000	54.000
	<u>14.494.681</u>	<u>9.053.856</u>

Skýringar

10. Leiguskuldbinding

Félagið hefur gert rekstrarleigusamninga um leigu á fasteign að Vínlandsleið 14, 113 Reykjavík sem ekki er færður í efnahagsreikning. Félagið nýtir sér heimild í reglugerð reikningsskilaráðs nr. 6 um að halda reikningsskilaaðferðum fyrir rekstrarleigusamninga óbreyttum.

Leigusamningurinn rennur út í lok september 2025 og er uppsegjanlegur með 1 árs fyrirvara. Gjaldfærðar leigugreiðslur námu 22,3 milljónum króna á árinu (2019: 21,8 milljónir). Taflan hér að neðan sýnir greiningu á lágmarksleigugreiðslum samkvæmt samningum þar sem félagið eru leigutaki. Upphæðir eru ekki núvirtar.

31.12.2020

Innan árs 22.797.612

11. Önnur mál

Stjórnendur hafa metið áhrif COVID-19 faraldursins á rekstur og reikningsskil félagsins. Áhrifin eru óveruleg, en helstu áhrifin eru 3% samdráttur í tekjum sem kom til vegna endurgreiðslu á námskeiðum á vorönn vegna samkomutakmarkanna. Að öðru leiti hefur faraldurinn ekki haft teljandi áhrif afkomu félagsins eða getu þess til að standa við fjárhagslegar skuldbindingar sínar. Félagið hefur ekki nýtt sér nein þeirra úrræða sem stjórnvöld hafa boðið til að mæta áhrifum COVID-19. Stjórnendur hafa metið hugsanleg áhrif á virðisrýrnun efnislegra og óefnislegra eigna og telja að ekki séu til staðar vísbendingar um virðisrýrnun. Þá hefur verið tekið tillit til væntra áhrifa á innheimtanleika krafna sem eru að mati stjórnenda óveruleg.

12. Samþykki ársreiknings

Ársreikningurinn var samþykktur á stjórnarfundum þann 10. maí 2021

Sundurliðanir

	2020	2019
13. Laun og launatengd gjöld		
Vinnulaun	142.850.596	138.409.686
Bifreiðastyrkir	794.251	1.024.760
Dagpeningar	0	0
Tryggingagjald	11.075.974	10.339.028
Lífeyrissjóður	20.449.259	18.889.279
Stéttarfélagsgjöld	4.043.635	3.793.103
Annar starfsmannakostnaður	2.127.043	1.899.608
	<u>181.340.758</u>	<u>174.355.464</u>
14. Húsnæðiskostnaður		
Húsaleiga	22.331.115	21.755.854
Rafmagn og hiti	1.074.212	1.352.062
Viðhald húsnæðis	888.503	271.882
Öryggisþjónusta	273.959	178.146
Ræsting og hreinlætisvörur	3.490.032	2.248.693
Vátryggingar	472.233	447.382
Hússjóður og rekstur sameignar	984.871	592.007
	<u>29.514.925</u>	<u>26.846.026</u>
15. Kostnaður vegna kennslu		
Kennslugögn	6.312.401	5.539.861
Samningar við menntastofnanir	49.722.987	51.647.949
Annar kostnaður vegna kennslu	18.077.087	20.975.848
	<u>74.112.475</u>	<u>78.163.658</u>
16. Annar rekstrarkostnaður		
Rekstur upplýsingakerfis	3.578.294	3.805.450
Sími	568.674	548.439
Burðargjöld	458.865	450.410
Pappír, prentun og ritföng	578.106	183.515
Bækur, blöð og áskrift	16.100	9.900
Önnur aðkeypt þjónusta	1.314.171	1.635.185
Gjafir og styrkir	1.990	12.078
Gjaldfærð áhöld, tæki og búnaður	3.212.421	5.549.094
Viðhald áhalda og tækja	26.053	707.100
Ferðakostnaður	55.529	95.163
Fundir og ráðstefnur	139.931	249.666
Annar kostnaður	373.500	65.000
Þjónustugjöld banka	217.443	181.869
	<u>10.541.077</u>	<u>13.492.869</u>